

# HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Mat á núverandi reglugerðum með tilliti til annarrar virkrar svæðisverndar

*viðauki við lokaskýrslu stýrihóps matvælaráðherra um verndarsvæði í hafi*



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

**MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE**

Mat á núverandi reglugerðalokunum með tilliti til annarra virkra verndarsvæða  
Skýrsla stýrihóps skipaður af Matvælaráðherra

<b>Höfundar</b>	Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Björn Helgi Barkarson, Hugi Ólafsson, Sveinn Kári Valdimarsson, Freydís Vigfúsdóttir, Agnar Bragi Bragason, Snorri Sigurðsson, Þórdís Björt Sigþórsdóttir
<b>Unnið fyrir</b>	Matvælaráðuneytið
<b>Verkefnisstjóri</b>	Steinunn Hilma Ólafsdóttir

## **Formáli**

Matvælaráðherra skipaði í apríl 2023 stýrihóp um vernd íslenskra hafsvæða. Meðal verkefna stýrihópsins var að meta fyrirbyggjandi reglugerðarlokanir með heimild í lögum stjórn fiskveiða og um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem önnur virk verndarsvæði (e. OECSs).

Stýrihópurinn óskaði eftir því að Hafrannsóknastofnun leiddi vinnu hópsins við að meta reglugerðasvæðin út frá mögulegri tilnefningu á svæðum með aðra virka svæðisvernd (e. OECSs).

Vinnan fól í sér söfnun gagna innan svæðanna, s.s. líffræðileg gögn og botnmælingar, auk gagna um álag. Mat á því hvort reglugerðirnar uppfylli grunnskilyrði sem önnur virk verndarsvæði fylgdi leiðbeiningum CBD (CBD 2018).

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Mat á gildi reglugerðasvæða fyrir líffræðilegan fjölbreytileika .....	4
3	Reglugerðir: Landfræðilegar upplýsingar .....	15
3.1	Reglugerð nr. 223/2024 um hrognkelsaveiðar 2024.....	15
3.1.1	<i>Ellefta grein. Svæði lokuð fyrir veiðum með hrognkelsanetum vegna hættu á meðaflla sjávarspendýra.</i> .....	15
3.2	Reglugerð nr. 188/2023 um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa.....	30
3.2.1	Sjöunda grein: Verndun lítt raskaðra hafsvæða .....	30
3.2.2	Áttunda grein: Kóralsvæði: .....	32
3.2.3	Níunda grein: Sérstök botnvistkerfi:.....	33
3.3	Reglugerð nr. 1097/2023 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Norðvesturlandi. ....	35
3.4	Reglugerð nr. 186/2020 um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars.....	36
3.5	Reglugerð nr. 961/2019 um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð .....	38
3.6	Reglugerð nr. 960/2019 um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu. ....	39
3.7	Samantekt yfir svæðið í kringum Vestmannaeyjar .....	90
3.8	Reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.....	92
3.9	Reglugerð nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland .....	93
3.9.1	III. Kafli Svæði lokuð fyrir veiðum með dragnót .....	94
3.10	Reglugerð 958/2019 um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma .....	104
3.10.1	II. Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar þorsks (105. mynd).....	104
3.10.2	III Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar skarkola .....	107
3.10.3	IV. Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar blálöngu .....	108
3.10.4	V. Kafli. Svæðalokun vegna hrygningar steinbíts.....	109
3.11	Reglugerð 733/2018 um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði. ....	109
3.12	Reglugerð 456/2017 um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli .....	110
3.13	Reglugerð nr. 115/2006 um þorskfisknet. ....	110
3.14	Reglugerð nr. 543/2002 um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.....	110
4	Kemur reglugerðasvæði til greina sem svæði fyrir aðra virka svæðisvernd? .....	110
5	Heimildir.....	118
	Listi yfir töflur og myndir.....	120



## 1 Inngangur

Á Íslandi er hugtakið „verndarsvæði í hafi“ safnheiti yfir svæði sem njóta einhverskonar verndar. Flestum verndarsvæðum í hafinu í kringum Ísland hefur verið komið á vegna fiskverndar eða til að vernda viðkvæm botnvistkerfi fyrir áhrifum fiskveiða. Það er nauðsynlegt að gera greinarmun á þessum verndarsvæðum og verndarsvæðum sem komið er á með náttúruverndarlögum og skýra þau hugtök sem notuð eru til að lýsa svæðunum. Samkvæmt tillögu stýrihóps um verndarsvæði í sjó í áfangaskýrslu stýrihópsins um verndun hafsins (2023) eru **Friðlýst svæði í hafi** (MPAs) svæði sem hafa skýr landfræðileg mörk, hafa ákveðnar verndarforsendur og er stjórnað með lagalegum eða öðrum virkum aðferðum til að tryggja langtíma vernd náttúrunnar og vistkerfisþjónustu og menningarleg gildi. Nokkur svæði sem vernduð hafa verið með náttúruverndarlögum (lög nr. 60/2013) ná einnig út í sjó. Þetta eru þó oft mjög lítil svæði en sum þessara svæða hafa þegar verið tilkynnt sem friðlýst svæði í hafi (MPA) og koma þau því ekki til umfjöllunar hér.

**Önnur virk svæðisvernd** (e. OECMs) er nálgun við að beita árangursríkum svæðisbundnum verndarráðstöfunum með það að markmiði að koma á verndun sem *hliðarafurð* annarrar stjórnunar. Hugtakið kom fyrst fram við stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni 2011-2020, með tilurð Aichi markmiðanna. Á fjórtánda fundi um sáttmála um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, CBD) voru lögð fram fjögur viðmið og tíu undirviðmið, auk vísinda og tækni ráðleggingar til að meta svæði með aðra virka svæðisvernd (CBD 2018 Annex III). Markmiðið var að samræma skilning á því hvernig önnur virk svæðisvernd tengist vistkerfum, og á við ólíkar aðstæður á landsvísu og í stjórnsýslu. Útnefning á annarri virkri svæðisvernd krefst þess að um landfræðilega afmarkað svæði annað en friðað svæði (e. MPA) sé að ræða, sem er undir stjórn og er stýrt til að ná jákvæðum og viðvarandi langtíma árangri fyrir verndun líffræðilegs fjölbreytileika á staðnum, með tilheyrandi virkni vistkerfa og þjónustu og þar sem við á, menningarleg, andleg, félags-efnahagsleg og önnur staðbundin gildi. Skilgreiningin var samþykkt á 14. ráðstefnu aðila samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD) árið 2018 (CBD/COP/DEC/14/8).

Líffræðileg fjölbreytni getur verið aðalmarkmið verndunar, aukamarkmið þar sem tilgangur verndunar er þó annar, eða það getur verið hliðarverkun af því hvernig stjórnun er háttað. Þessi svæði geta verið undir stjórn stjórnvalda eða einkaaðila, eða verið staðbundin eða svæðisbundin. Það þýðir að hverskyns svæði sem njóta einhversrar stjórnunnar geta komið til álits sem önnur virk verndarsvæði.

Núverandi reglugerðir með heimild í lögum nr. 79/1997 er hlíta stjórnunarlegum markmiðum og uppfylla viðmið A (CBD 2018) um að vera ekki þegar tilkynntar sem friðlýst svæði til CBD og viðmið B um að vera afmörkuð, undir stjórn og eftirliti voru tilgreindar. Hver reglugerð

getur innihaldið eitt eða fleiri svæði. Innan reglugerðanna geta útfærslur á markmiði þeirra verið mismunandi eftir svæðum.

Hafrannsóknastofnun var falið að leiða athugun á stöðu þekkingar innan þessar tilgreindu reglugerðarsvæða með hliðsjón af viðmiði C með aðstoð stýrihópsins. Forsenda þess að núverandi reglugerðarsvæði geti komið til greina sem önnur virk verndarsvæði er að sýnt sé fram á að verndun svæðisins hafi jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni innan þess.

## 2 Mat á gildi reglugerðarsvæða fyrir líffræðilegan fjölbreytileika

Leiðbeiningar um val, viðmið og setningu annarrar virkrar verndar er meðal annars að finna í viðhengi III í samþykkt CBD 2018 þar sem fjallað er um vísindalega og tæknilega ráðgjöf um önnur virk verndarsvæði. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin (IUCN) hafa gefið út nokkra bæklinga varðandi ferli við tilnefningu slíkra svæða (sjá IUCN WCPA; IUCN 2019). Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP gaf út handbók um það hvernig á að greina, meta og tilkynna aðra virka svæðisvernd í tengslum við sjávarútveg (FAO, 2022). Þar er farið yfir leiðir til að meta stjórnun fiskveiða sem möguleg verndarsvæði.

Ákvörðun CBD 14/8 (viðmið C3) skilgreindi nánar þætti líffræðilegs fjölbreytileika sem á að vernda: t.d. samfélög sjaldgæfra tegunda, tegundir sem er ógnað eða í útrýmingarhættu, dæmigerð náttúruleg vistkerfi, tegundir með takmarkaða útbreiðslu, lykilsvæði líffræðilegs fjölbreytileika, svæði sem veita mikilvæga vistkerfisþjónustu og tengsl vistkerfa. Aðrir þættir sem stungið var upp á (IUCN-WCPA, 2019: box 4) voru t.d. hrygningarslóð, farleiðir og búsvæði sem eru mikilvæg fyrir lífsferil tegunda, fæðunám, hvíld, æxlun og uppbyggingu fæðukeðjunnar.

Engar almennar leiðbeiningar liggja fyrir um hvernig áhrif annara virkra verndaraðgerða á líffræðilega fjölbreytni skulu metinn og verður það því óhjákvæmilega á borði hvers ríkis að setja fram eigin viðmið. Það má þó gera ráð fyrir að alþjóðleg viðmið skýrist á næstu árum eftir því sem reynir á alþjóðlegar tilnefningar. Ákvörðun 14/8 (CBD 2018) gefur þó til kynna að niðurstöður um líffræðilega fjölbreytni skuli vera jákvæðar og að þeim sé viðhaldið til lengri tíma. Þar kemur ekkert fram um hve áráðanleg gögn þurfi að undirbyggja þá niðurstöðu (e. level of evidence). Hér er lögð áhersla á að skrá allar fyrirbyggjandi upplýsingar og tiltaka skýrslur ef við á til stuðnings. Einungis er unnið með eiginleg gögn en spálíkön um líffræðilega fjölbreytni hefur ekki verið beitt. Það kemur til greina að beita slíkum líkönum þar sem eiginleg gögn liggja ekki fyrir en það krefst umfangsmikillar vinnu.

### **Eftirfarandi ferli var beitt:**

1. Matsþættir fyrir líffræðilega fjölbreytni samkvæmt viðauka III (CBD 2018) eru listaðir upp (tafla 1).
2. Reglugerðir sem snúa að botnveiðum eru listaðar upp. Í þeim tilvikum þar sem reglugerð inniheldur undirgreinar með sér ákvæðum og fyrir ákveðin svæði, eru þau metin sérstaklega.
3. Skoða hvort verndarsvæði undir náttúruverndalögum eru innan svæðanna.
4. Skoða hvort sérstök svæði á skrá Náttúrufræðistofnunar eru innan svæðanna.
5. Skoða staðsetningar rannsóknatoga Hafrannsóknastofnunar innan svæðanna.
6. Skoða skráningar á vísitögund/um fyrir viðkvæm vistkerfi eða skilgreind viðkvæm búsvæði.
7. Skoða álag út frá fiskveiðum og staðsetningu fiskelda.

### **Eftirfarandi kortaþekjur og lýsigögn voru sótt:**

1. Botngerðakort
  - a) Fjölgeislamælingar Hafrannsóknastofnunar við kortlagningu hafsbotsins.
  - b) Dýptarmælingar frá OLEX (olex.no).
  - c) Grunnkort er fengið frá Emodnet (<https://ows.emodnet-bathymetry.eu/>).
2. Landmótun
  - a) Þekja fyrir skilgreinda landmótun (geomorphology) var fengin frá ÍSOR (sjá ÍSOR-2018-/027).
3. Lýsigögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands
  - a) Vistgerðir á Íslandi: ferskvatn, fjörur og jarðhiti 1:25.000, GDB og SHP, ISN93
  - b) Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - 1:25.000, GDB og SHP, ISN93
  - c) Selalátur við strendur Íslands 2. útg. 1:25.000, GDB og SHP, ISN93
  - d) Sérstök vernd náttúruyfyrirbæra 1:50.000, GDB og SHP, ISN93
4. Lýsigögn frá Umhverfisstofnun
  - a) Fridlýst svæði: fridlyst\_svaedi:v\_geo\_fridlyst\_a\_hafi
5. Lýsigögn frá MAST
  - a) MAST: Sjókvíaeldi á Íslandi
6. Lýsigögn frá Fiskistofu, hlaðið niður frá Hafsjá:

- a) Virkar grásleppulokanir – (Auk viðbóta frá nýjustu reglugerðinni).
  - b) Virk hrygningasvæði.
  - c) Virkar reglugerðir – (Auk viðbóta frá uppfærðum reglugerðum).
7. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar
- a) Neðansjávarmyndasnið frá kortlagningu búsvæða á hafsbotni.
  - b) Fastar stöðvar við stofnmælingar botnfiska á Íslandsmiðum að
    - i. vori (vorrall) og
    - ii. hausti (haustrall)
  - c) Rannsóknasnið við humarrannsókir.
  - d) Rannsóknasnið við rækjurannsóknir.
  - e) Rannsóknasnið við netarall.
  - f) Rannsóknasnið á grunnslóð.
8. Fótspor veiða er byggt á samþættingu gagna úr afladagbókum skipstjóra og upplýsingum um staðsetningu fiskiskipa skv. vaktstöð siglinga 2009-2023. Gögn sýna fjöldi ára sem reitur er talinn hafa verið veiddur ár árunum 2009 til 2023 við eftirfarandi veiðar:
- a) dragnót
  - b) fiskibotnvarpa
  - c) krókaveiðar
  - d) lína
  - e) netaveiðar
  - f) plógur
9. Vísitögundir viðkvæmra búsvæða/vistkerfa\*
- a) Meðaflaskráningar á kóral og svömpum frá Fiskistofu 2013-2024.
  - b) Skráningar á kórölum og svömpum úr gagnagrunni yfir botndýr. Gagnagrunnurinn inniheldur skráningar frá elstu heimildum til dagsins í dag.
  - c) Skráningar frá Hafmynd myndgreiningagrunni frá rannsóknum við kortlagningu búsvæða.

\*Tekið var tillit til lista yfir viðkvæm búsvæði (hér svampar og kóralar samkvæmt listum NEAFC (2015), ICES-NAFO (WGDEC 2016, 2019, 2020) og OSPAR (2008))

Tafla 1 Eftirfarandi matsþættir líffræðilegrar fjölbreytni eru tilteknir undir viðmiði C þar sem viðvarandi og skilvirku framlagi til verndunar líffræðilegs fjölbreytileika skal náð:

Virki	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Svæðið nær, eða er ætlað að ná, jákvæðri og viðvarandi niðurstöðu fyrir staðbundna líffræðilega fjölbreytni.</li> <li>○ Ógnir, núverandi eða líklegar eru skoðaðar með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir þær, draga verulega úr þeim eða útiloka, auk þess að endurbyggja hnignuð vistkerfi.</li> <li>○ Rammi til að framfylgja stefnu og regluverk séu til staðar til að þekkja og bregðast við nýjum ógnum.</li> <li>○ Að því marki sem við á og mögulegt er, er stjórnun innan og utan hinnar virku svæðistengdu verndaraðgerða samþætt.</li> </ul>
Viðvarandi til langs tíma	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Aðrar virkar svæðistengdar verndarráðstafanir eru til langs tíma eða eru líklegar til að verða það.</li> <li>○ “Viðvarandi” snýr að samfellu stjórnunaraðgerða og „langtíma“ snýr að niðurstöðu líffræðilegrar fjölbreytni.</li> </ul>
Verndun líffræðilegs fjölbreytileika á staðnum	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Gert er ráð fyrir að viðurkenning á öðrum áhrifaríkum svæðisbundnum verndarráðstöfunum feli í sér að bera kennsl á mikilvægi svæðisins fyrir fjölda eiginleika líffræðilegrar fjölbreytni (t.d. samfélög sjaldgæfra tegunda eða tegunda í útrýmingarhættu, dæmigerð náttúruleg vistkerfi, tegundir með takmarkaða útbreiðslu, lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni, svæði sem veita mikilvæga virkni og þjónustu vistkerfa, svæði fyrir vistfræðileg tengsl).</li> </ul>
Upplýsingar og eftirlit	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tilgreining á öðrum áhrifaríkum svæðisbundnum verndarráðstöfunum ætti, að því marki sem mögulegt er, að skjalfesta þekkta eiginleika líffræðilegrar fjölbreytni, sem og, þar sem við á, menningarleg og/eða andleg verðmæti, svæðisins og stjórnun til að meta árangur.</li> <li>○ Vöktun upplýsir stjórnendur um árangur aðgerða með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika, þar með talið heilbrigði vistkerfa.</li> <li>○ Ferlar ættu að vera til staðar til að meta skilvirkni stjórnar og umsjónar svæðanna, þar með talið með tilliti til samfélagslegs réttlætis.</li> <li>○ Almenn gögn svæðisins eins og mörk, markmið og stjórnarhættir eru tiltæk.</li> </ul>

Í töflu 2 var hver reglugerð metin út frá matsþáttum í töflu 1.

Tafla 2 Núverandi reglugerðir undir stjórn fiskveiða metin með hliðsjón af viðmiði C (CBD 2018), varðandi önnur virk verndarsvæði.

Reglugerð	Virk	Viðvarandi til langs tíma	Verndun líffræðilegrar fjölbreytni á staðnum*	Upplýsingar og eftirlit
223/2024 Um hrognkelsaveiðar	Já	Þarf að endurnýja árlega.	Svæði lokað fyrir veiðum með hrognkelsanetum vegna hættu á meðafla sjávarspendýra. <i>Sporna við meðafla sjávarspendýra.</i>	Rannsókn sýndi að metinn meðafla spendýrategunda, sérstaklega útsels, var töluvert lægri en á fyrri árum, og metinn meðafla fugla var aðeins lægri en áður aðallega vegna minni sóknar (Hafrannsóknastofnun, 2024).
188/2023 Verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa	Já	Já	Reglugerðinni er ætlað að vernda lítt röskuð botnsvæði, kóralsvæði og sérstök botnvistkerfi.	Markmið reglugerðarinnar fellur vel að viðmiðum fyrir OECM og jafnvel MPA. Kóralsvæði (8.gr. A-J) hafa verið tilkynnt til OSPAR sem friðuð svæði (MPA). Önnur svæði eru vernduð vegna sérstakra og eða viðkvæmra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni.
188/2023 7. gr. A Fyrir vesturlandi	Já	Upphafleg lokun frá 1993 fyrir fiskibotnvörpu. Núverandi skilyrði; allar veiðar, nema handfæraveiðar og veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Svæðið hefur mikilvæga virkni og var sett á til að vernda hrygninga/uppeldissvæði karfa.	Langtímalokun fyrir togveiðum í 30 ár og mikilvægt sem slíkt (HV 2020-49).
188/2023 7. gr. B Norðaustur af Horni	Já	Upphaflega frá 1993. Núverandi skilyrði; allar veiðar, nema handfæraveiðar og veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Dæmigerð náttúruleg vistkerfi. Svæðið hefur verið verndað fyrir botnveiðum í nær 30 ár og handfæraveiðar eru stundaðar innan þess. Áframhaldandi langtíma verndun myndi hafa jákvæð áhrif á náttúrulegt lífríki sem þrífst á þessum slóðum við þessar umhverfisaðstæður.	Langtímalokun í nær 30 ár og mikilvægt sem slíkt (HV 2020-49). Rannsóknir á botnlífríki með neðansjávarmyndavélum fóru fram á svæðinu 2004 og 2017.

188/2023 7. gr. C Fyrir Norðausturlandi	Já	Upphaflega tvö svæði sem var lokað fyst 1976 og 1993. Þessi svæði voru sameinuð í þessari reglugerð þar sem þau sköruðust og lágu upp að hvort öðru. Núverandi skilyrði; allar veiðar, nema handfæraveiðar og veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Dæmigerð náttúruleg vistkerfi.  Svæðið hefur verið lokað hátt í hálfá öld fyrir botnveiðum. Lífríkið hefur því náð að dafna óáreitt og ætti að vera dæmigert fyrir þær umhverfisaðstæður sem eru á svæðinu innan og utan.	Langtímalokun í 48 ár og mikilvægt sem slíkt (HV 2020-49). Rannsóknir á botnlífríki með neðansjávarmyndavélum fóru fram á svæðinu 2004.
188/2023 8. gr. A-K Úti fyrir Suðurlandi og Suðausturlandi, út af Faxadjúpi	Já	Hluti verndaður frá 2005, hluti frá 2011 og eitt svæði frá 2023. Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Verndun kóralsvæða er aðal markmið friðunar.	Rannsóknir sýna kóralrif innan svæðanna (HV 2021-40; HV 2020-31; HV 2019-41; HV 2018-48; Fjölrit nr. 110).
188/2023 9. gr. A Suðvestur af Reykjanesi (Steinahólsþyrpingin)	Já	Svæðið kallaðst áður Suðvestur af Reykjanesi – reglug. 959/2019 2. gr. Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Að hluta er verið vernda viðkvæm vistkerfi hverauppstreymis. Reglugerð sú sem fellur úr gildir var um friðunarsvæði í íslenskri fiskveiðilandhelgi sem sett voru til að stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjastofna og verndun viðkvæmra hafsvæða.	Svæðið var áður lokað fyrir fiskibotnvörpu en til að vernda viðkvæmar og fágætar hverastrýtur sem eru á hluta svæðisins eru allar veiðar bannaðar innan svæðisins. Töluverðar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu, einkum jarðfræðilegar vegna uppstreymis en einnig líffræðilegar (sjá samantekt rannsókna á svæðinu HV 2021-50). Hverastrýtur voru myndaðar á svæðinu 2018 (Taylor o.fl. 2021).
188/2023 9. gr. B Vestur af Snæfellsnesi (Mardöll og systurfjall)	Já	Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Verið er að vernda viðkvæm vistkerfi svampa á neðansjávarfjalli.	Viðkvæm vistkerfi hafa verið mynduð og skráð út frá meðafra rannsóknum á svæðinu auk sjaldgæfra kórala (Eurofleet++ skýrsla 2022; HV 2021-50, HV 2019-41).

188/2023 9. gr. C Kantur út af Vestfjörðum	Já	Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.	Verið er að vernda blöndu af viðkvæmum viskterfum svampa og kóralgarða auk sæfjarðrabreiða.	Viðkvæm vistkerfi hafa verið mynduð á svæðinu við kortlagningu búsvæða (Eurofleet ++ skýrsla, HV 2021-50).
1097/2023 Út af Norðvesturlandi	Já	Bann við veiðum með fiskibotnvörpu.	Verið er að vernda viðkvæman stofn djúpkarfa sem á undir högg að sækja. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr líkum á meðafla djúpkarfa við veiðar á grálúðu á svæði út af Norðvesturlandi Djúpkarfi er langlíf tegund og getur orðið yfir 50 ára.	Fiskirannsóknir hafa farið fram innan svæðisins.
186/2020 og framlengd með 278/2022 321/2024 Bann við notkun fiskibotnvörðu á veiðisvæði humars	Já	Tímabundin til tveggja ára. Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar á eftirfarandi veiðisvæðum humars frá og með 16. mars 2024 til og með 15. mars 2026.	Markmiðið er að vernda stofn sem er í viðkvæmri stöðu. Reynt er að koma stofninum aftur í veiðanlega stærð.	Skráningar á förum eftir veiðarfæri af neðansjávarmyndefni sýna að yfir rannsóknatímamann fækkaði skráningum eftir að lokun var sett á og er greinilegast í Lónsdjúpi og Jökuldýpi en þau svæði hafa verið lokuð lengst (ICES WGNAPS 2023 p. 31-32).
961/2019 Takmarkanir við veiðum á línu á djúpslóð	Já	Heilsárs lokun: greinar 3., 4., 5., 6., 8., 10., 12., 13. Veiðar heimilar að hluta; greinar 2., 7., 9., 11.	Takmarkanir við notkun línu á djúpslóð.	Almennt geta lokanir af þessu tagi haft jákvæð samlegðar áhrif á annað lífríki en það sem verndun beinist að. Veiðar með línu geta haft skaðleg áhrif á botnlífríki. Takmarkanir á álagi eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif líffræðilega fjölbreytni.
960/2019 Takmarkanri við veiðum með fiskibotnvörpu	Já	Heilsárs lokun: greinar 4., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 14., 15., 16. Veiðar heimilar að hluta: greinar 2., 3., 5., 6., 10 a., 13., 17.	Bann við notkun botnvörpu.	Almennt geta lokanir af þessu tagi haft jákvæð samlegðar áhrif á annað lífríki en það sem verndun beinist að. Veiðar með botnvörpu hafa áhrif á botnlífríki. Takmarkanir á því álagi eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Endurtekin tog yfir langan tíma geta umbreytt botnlagi á veiðislóð (Puig o.fl. 2012).
961/2019 2. gr. / 960/2019 6. gr.	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu og línu eru leyfðar milli 18.	Svæðið er opið tímabundið á hverju ári. Álag vegna veiða.	Fiskirannsóknir í vorralli.



Norður af Horni		ágúst og 29. febrúar. Togveiðar fara þá fram á stórum hluta svæðisins. Handfæraveiðar ótímabundnar.		BIOICE HM-1-93 st. 47 og HM-1-93 st. 34: skráning á svömpum. Átaksskráning svampa í vorralli TB1-2002. Tilfallandi skráning á <i>Paramuricea</i> kóral frá A2-2002.
961/2019 3. gr. / 960/2019 7. gr. Á Sporðagrunni	Já	Heilsárslokun fyrir fiskibotnvörpu og línu amk frá 1997. Handfæraveiðar fara fram innan svæðis.	Lítið svæði með afmarkað álag af handfæraveiðum.	Átaksskráning svampa í vorralli TB1-2002. Fiskirannsóknir í vorralli, haustralli og rækjuralli.
961/2019 4. gr. / 960/2019 8. gr. Norðan Haganesvíkur	Já	Heilsárslokun fyrir fiskibotnvörðu og línu.	Svæðið er frekar smátt.	Rækjurallstöðvar.
961/2019 5. gr. / 960/2019 9. gr. Á Sléttugrunni	Já	Heilsárslokun fyrir fiskibotnvörðu og línu.	Svæðið er smátt en ekkert álag innan þess. Veiðar þétt upp við mörk svæðisins.	Engar rannsóknir hafa farið fram.
961/2019 6. gr. / 960/2019 10. gr. Á Digranesflaki	Já	Heilsárslokun fyrir fiskibotnvörpu og línu.	Svæðið er lítið raskað. Líkur eru á að innan þess sé að finna dæmigerð búsvæði og samfélög fyrir þær aðstæður sem eru á landgrunninu austur af landinu.	Rannsóknir á lífríki innan hólfsins vantar fyrir utan fiskirannsóknir í vorralli.
960/2019 10. gr. a. Út af Glettinganesi	Já	Veiðar með fiskibotnvörðu bannaðar frá og með 1. júlí til 31. desember ár hvert.	Veiðar fara fram innan stærsta hluta svæðisins.	Fiskirannsóknir í vorralli og haustralli. Ein skráning á mjúkum kóral er innan hólfsins.
961/2019 7. gr. Í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni	Já		Þar sem svæði er ekki lokað fyrir fiskibotnvörpu er álag nokkuð mikið sumstaðar innan svæðisins, einkum við suðurkantinn og kantinn upp Lónsdýpið austan megin.	Dauðir kóralar hafa fundist innan svæðisins. Kóral liggur milli verndarsvæðanna í regl. 188/2023 8. gr. F og H.
961/2019 8. gr. Á Mýrargrunni	Já	Heilsárslokun fyrir línu.	Lítið álag.	Engar rannsóknir.

961/2019 9. gr. Á Mýrargrunni	Já	Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember.	Lítið álag. Saman eru greinar 8 og 9 alls 928 km <sup>2</sup> . Sé þeim skellt saman verður stærðin líklegri til að hafa jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni innan þess.	Engar rannsóknir.
961/2019 10. gr. Suður af Ingólfshöfða	Já	Heilsárslokun fyrir línu.	Lítið álag.	Engar rannsóknir.
961/2019 11. gr. Á Örafagrunni	Já	Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember.	Togveiðar fara fram á stórum hluta svæðisins sem hefur haft áhrif á lífríki svæðisins.	Svæðið er inni á mikilli veiðislóð og ólíklegt að það muni ná markmiðum OECM.
961/2019 12. gr. Á Síðugrunni	Já	Heilsárslokun fyrir línu.	Lítið álag.	Lokaða hólfið er innan við hrygningasvæði skv. Hafsjá. Engar rannsóknir fara fram innan svæðisins.
961/2019 13. gr. Á Kötlugrunni	Já	Heilsárslokun fyrir línu.	Hluti af Reynisdjúpi er innan vestur hluta hólfsins. Veiðar með botnvörpu fara fram í Reynisdjúpi, á suðurhluta hólfsins og norðaustast í hólfinu.	Viðkvæmar tegundir eru innan svæðisins, amk. þar sem veiðar eru ekki stundaðar. Kóral og svampar eru all víða innan hólfsins og fundust á fimm af sex rannsóknasniðum með neðansjávarmyndavélum við kortlagningu búsvæða 2019 (HV 2021-40).
960/2019 2. gr. Á Mehlsack	Já	Heimilt að veiða frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl.	Veiðiálag er mest við kantbrúnina sem er í vestasta og syðsta hluta hólfsins.	Skráningar á kóral og svömpum eru frá rannsóknum úr BIOICE og Zoology of Iceland. Fjögur neðansjávarmyndavélasnið (HV 2021-40). Eitt tog í vorralli er innan svæðisins.
960/2019 3. gr. Í Jökuldjúpi	Já	Heilsárs en heimilt að veiða frá og með 1. október til og með 1. apríl frá 20.00 til 08.00.		
690/2019 4. gr. Suðvestur af Malarrifi	Já	Heilsárslokun frá 2002.	Svæðið er afar lítið og árleg rannsóknastog í vorralli innan þess og veiðiálag umhverfis svæðið gefur varla	Rannsóknatog Hafrannsóknastofnunar í vorralli nær í gegnum stærsta hluta svæðisins.

			tilefni til að ætla að virk svæðisvernd muni hafa jákvæð áhrif innan þess.	
690/2019 5. gr. Í Víkurál	Já	Heilsárs frá 2005 en heimilt að veiða frá kl. 20.00 til 08.00.	Veiðiálag innan svæðisins er töluvert með botnvörpu. Áhrif af veiðum eru því mikil og ólíklegt að virk svæðisvernd muni hafa jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.	Rannsóknatog í vorralli og haustralli eru tekin innan hólfsins. Kórall var skráður innan hólfsins 1996 en í nýrri rannsókn frá 2017 var ekki skráður kórall. Fiskistofa hefur skráð dauðan kórall innan svæðisins.
690/2019 11. gr. Við Hrollaugseyjar	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.	Innan svæðisins eru hrygningasvæði.	Rannsóknatog í vorralli, við humarrannsóknir og netabátarall eru tekin innan hólfsins. Svampur var skráður innan hólfsins.
690/2019 12. gr. Fyrir Suðurlandi	Já	Frá 2013 eru veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar allt árið innan ákveðins svæðis.	Innan svæðisins eru hrygningasvæði. Veiðar eru innan svæðisins.	Rannsóknatog við grunnslóðarannsóknir eru innan hólfsins.
690/2019 13. gr. Umhverfis Vestmannaeyjar	Já	Innan sérstaks hólfs innan friðlandins eru veiðar með botndregnum veiðarfærum bannaðar skv. náttúruverndarlögum. Veiðar með handfærum og línu fara þar fram.	Skarast við reglugerð 732/1997 og friðlandið Surtsey. Skilgreind dragnótasvæði liggja innan svæðisins. Veiðiálag af línu, handfærum og dragnót er innan svæðisins.	Svæðið er afar sérstakt á jarðfræðilega vísu. Surtsey friðland er afmarkað og þar er umferð takmörkuð. Við rannsóknir fyrr á tímum hafa kóralar verið skráðir víða innan hólfsins.
690/2019 14. gr. Norðuvestur af Heimaey	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið frá 2006.	Svæðið er innan hrygningasvæðis.	
690/2019 15. gr. Á Álseyjarbleyðu	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið frá 2010.	Svæðið er innan hrygningasvæðis. Svæðið hefur sömu hnit og dragnótaveiðisvæði í reglugerð nr. 963/2019 28. gr.	
690/2019 16. gr. Á Eyrabakkabug	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið frá 2008.	Svæðið er innan hrygningasvæðis.	Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í netaralli og við grunnslóðarannsóknir fara fram innan hólfsins.
690/2019 17. gr. Á Tánni	Já	Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á tímabilinu		Rannsóknatog í haustralli og vorralli eru innan hólfsins auk þriggja sniða tekin með

		frá og með 1. júní til og með 31. október.		neðansjávarmyndavél við kortlagningu búsvæða. Kóral er að finna við kantinn.
963/2019 III kafli10. Gr.	óljóst	Skipastærð eða tímabil.	Takmörkun á notkun veiðarfæris.	
958/2019	Já	Tímabundin friðun vegna hrygninga.	um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma.	Samræmast tímabundin verndarsvæði vegna hrygninga markmiðum OECCM? Hvað ef svæðin væru heilsárslokuð?
733/2018	Já		Bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.	Ein af takmörkunum sem eiga við nýtingu í Breiðafirði.
456/2018	Já	Óskilgreint svæði.	Verndun ákveðinna tegunda hvar sem þær eru innan lögsögu Íslands	Þar sem amörkun svæðis á ekki við er ekki hægt að meta svæðið sem OECCM.
115/2006	Nei		Reglugerð um veiðibúnað – netaveiðar bannaðar innan línu í Breiðafirði.	Ein af takmörkunum sem eiga við nýtingu í Breiðafirði.
543/2002	Nei		Nei, reglugerð um veiðibúnað - þorskfiskanet	Ekki hægt að skoða með OECCM í huga.
732/1997	Já	Já	Bann við veiðum til að raska ekki streng milli eyja og lands.	Lítið svæði, litlar upplýsingar innan þess.
1100/2019	Já		Bann við selveiðum. Bann við veiðum á tilgreindum selategundum – með undantekningum þó um nýtingu.	Þar sem afmörkun svæðis á ekki við er ekki hægt að meta svæðið fyrir aðra virka svæðisvernd. Ef til svæðismörkunar kemur þar sem verndun þessara stofna er í fyrirúmi væri hægt að skoða það.
958/2019	Já	Verndin er tímabundin.	Friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma.	
733/2018	já		Ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.	

*\*til dæmis samfélög sjaldgæfra tegunda, tegunda sem er ógnað eða í útrýmingarhættu, dæmigerð náttúruleg vistkerfi, tegundir með takmarkaða útbreiðslu, lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni, svæði sem veita mikilvæga virkni og þjónustu vistkerfa, svæði fyrir vistfræðilega tengingu.*


### 3 Reglugerðir: Landfræðilegar upplýsingar

#### 3.1 Reglugerð nr. 223/2024 um hrognkelsaveiðar 2024.

1.gr. Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Bátum með leyfi til veiða á grásleppu er heimilt að veiða með hrognkelsanetum. Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki er óheimilt að stunda veiðar með rauðmaganetum, nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.


3.1.1 *Ellefta grein. Svæði lokuð fyrir veiðum með hrognkelsanetum vegna hættu á meðafli sjávarspendýra.*

Grein	km <sup>2</sup>	% af EEZ
11.gr.I	517	0,07
11.gr.II	796	0,11
11.gr.III	86	0,01
11.gr.IV	51	0,007
11.gr.V	21	0,003
11.gr.VI	790	0,10
11.gr.VII	34	0,004
11.gr.VIII	8	0,001
11.gr.IX	16	0,002
11.gr.X	491	0,06
11.gr.XI	21	0,003
11.gr.XII	4	0,0005
11.gr.XIII	52	0,007
11.gr.XIV	34	0,004
Samtals	<b>2.921</b>	<b>0,39</b>




Mynd 1. Svæði lokuð fyrir veiðum með hrognkelsanetum.

### 3.1.1.1 I. Innan svæðis á Faxaflóa




Mynd 2. Lokað hólfi innan svæðis á Faxaflóa. Flatarmál 217 km<sup>2</sup>.




Mynd 3. Sellátur, mikilvæg fuglasvæði og vistgerðir er að finna innan reglugerðarhólfisins.






Mynd 4. Fimm rannsóknasnið Hafrannsóknastofnunar eru tekin innan svæðisins við grunnslóðarannsóknir.




Mynd 5. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

3.1.1.2 II. Innan svæðis á Breiðafirði




Mynd 6. Lokað hólfinn svæðis á Breiðafirði. Flatarmál 796 km<sup>2</sup> eða 0,11% af efnahagslögsögunni.




Mynd 7. Svæðið er mikilvægt fuglasvæði auk þess sem sellátur finnast þar víða.






Mynd 8. Stofnmælingar hörpudisks hafa farið fram innan svæðisins og botndýrarrannsóknir fóru fram 1995, 1996 og 2000 (appelsínugulir punktar).




Mynd 9. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

3.1.1.3 III. Innan svæðis út af Rauðasandi, IV út af Kollsvík og V. út af Tálknafirði.

Svæði lokuð fyrir veiðum með hrognkelsanetum vegna hættu á meðafla sjávarspendýra.




Mynd 10. Flatarmál III (gult) er 86 km<sup>2</sup>; IV (blátt) er 51 km<sup>2</sup> og V (dökkblátt) er 21 km<sup>2</sup>.




Mynd 11. Yfirlit yfir verndarsvæði, mikilvæg fuglasvæði og sellátur innan svæðis III-V.






Mynd 12.Grunnslóðarannsóknir fara fram innan svæðis III.




Mynd 13.Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

3.1.1.4 VI. Innan svæðis út af Ströndum (Selsker-Óðinsboði); VII. Út af Ströndum (Reykjarfjörður-Veiðileysufjörður); VIII. út af Ströndum (út af Kaldbakshorni) og IX. út af Ströndum (út af Bjarnarfirði).




Mynd 14. Flatarmál VI (grænt) er 790 km<sup>2</sup>; VII (rautt) er 34 km<sup>2</sup>; VIII (bleikt) er 8 km<sup>2</sup> og IX (ljósblátt) er 16 km<sup>2</sup>.




Mynd 15. Yfirlit yfir verndarsvæði, mikilvæg fuglasvæði og sellátur innan svæðis VI.




Svæðið er allt inná landgrunninu. Skástrikað gult svæði er merkt fuglasvæði NÍ sem nær út fyrir brúnir Hornstranda og út í sjó. Sellátur bæði fyrir landsel og útsel finnast í fjörum og við sker. Friðlýsta svæðið *Drangar* er verndað sem „óbyggð víðerni“ og nær það út í sjó.



Mynd 16. Yfirlit yfir verndarsvæði og skipulag innan svæða VII, VIII og IX.




Mynd 17. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar innan VI-IX svæðanna. Rannsóknir á hörpudisk og rækju fara helst fram auk nokkurra stöðva í netaralli sem eru innan VII.




Mynd 18. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum innan svæða VI-IX.



3.1.1.5 X. Innan svæðis innst í Húnaflóa.




Mynd 19. Svæði innst í Húnaflóa. Flatarmál 491 km<sup>2</sup> eða 0,06% af efnahagslögsögunni




Mynd 20. Yfirlit yfir verndarsvæði og skipulag innan svæðis X.

Svæðið er allt inná landgrunninu. Kóralþörungar eru víða í Húnaflóa. Kjartan Thors mæli þykkt setlaga innan svæðisins og mat svokölluð kalkþörungalög sem hafa byggst upp af


kóralþörungum yfir langan tíma (Kjartan Thors 2018). Skráningar á lifandi kóralþörungum hafa fengist við tilraunaveiðar á ígulerum (Guðrún G. Þórarinsdóttir, o.fl. 2021).



Mynd 21. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar innan svæðisins.








Mynd 22. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.1.1.6 XI. Innan svæðis út af Skagatá




Mynd 23. Svæði út af Skagatá. Flatarmál 21 km<sup>2</sup> eða 0,003% af efnahagslögsögunni. Skástrikað gult svæði er merkt fuglasvæði Ní sem nær út fyrir brúnir Skagatár og út í sjó.

Engar veiðar fara fram innan hólfsins en krókaveiðar fara fram við mörk svæðisins.


3.1.1.7 XII. Innan svæðis á Skagafriði (út af Ketubjörgum), XIII. Innan svæðis á Skagafriði (við Drangey), XIV. Innan svæðis á Skagafirði (á Málmeyjarsundi).




Mynd 24. Svæði á Skagafriði. Flatarmál XII (grænt) er 4 km<sup>2</sup>, XIII (gult) er 52 km<sup>2</sup> og XIV (blátt) er 34 km<sup>2</sup>.



Mynd 25. Rannsóknatog Hafrannsóknastofnunar við rækjurannsóknir liggja innan svæðis XIII. Ýmis önnur rannsóknatog eru í nágrenninu.




Mynd 26. Mikilvæg svæði fyrir fugla og seli.



Mynd 27. Landmótun sýnir að innan svæðis XIII liggja tveir sæfjallahryggir.





Mynd 28. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.2 Reglugerð nr. 188/2023 um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa.


3. gr. Markmið. Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja nauðsynlegar verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa með tilliti til fiskveiða, líffræðilegrar fjölbreytni, verndunar vistkerfa og varúðarnálgunar.

#### 3.2.1 Sjöunda grein: Verndun lítt raskaðra hafsvæða

Allar veiðar, nema handfæraveiðar og veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.


Að beiðni sjávarútvegsráðherra var gerð greinagerð árið 2017 um svæðin sem nú eru innan sjöundu greinar þessarar reglugerðar og því verður ekki farið nánar í þau hér (HV 2021-49).

### 3.2.1.1 7. gr. A. Fyrir Vesturlandi




Mynd 29. Verndarsvæði úti fyrir Vesturland. Flatarmál svæðis 5.694 km<sup>2</sup> eða 0,75% af efnahagslögsögunni.

### 3.2.1.2 7. gr. B. Norðaustur af Horni



Mynd 30. Verndarsvæði Norðaustur af Horni. Flatarmál svæðis: 1463 km<sup>2</sup> eða 0,19% af efnahagslögsögunni.

### 3.2.1.3 7.gr. C. Fyrir Norðausturlandi




Mynd 31. Verndarsvæði fyrir Norðausturlandi. Flatarmál svæðis 2.234 km<sup>2</sup> eða 0,29% af efnahagslögsögunni.

### 3.2.2 Áttunda grein: Kóralsvæði:


Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.

Verndarmarkmið þessara svæða var að vernda kóralrif ásamt því lífríki sem þar finnst. Kóralrif eru búsvæði sem teljast viðkvæm og mikilvæg fyrir aðrar lífverur. Kóralsvæðum hefur fækkað við Ísland.

#### 3.2.2.1 8. gr. A-J. Úti fyrir Suðurlandi og Suðausturlandi




Mynd 32. Kóralsvæði A til D úti fyrir Suðurlandi og Suðausturlandi. A. Reynisdjúp, flatarmál: 9 km<sup>2</sup>; B. Skaftárdjúp, flatarmál 7 km<sup>2</sup>; C. Skaftárdjúp, flatarmál 22 km<sup>2</sup>; D. Skeiðarárdjúp, flatarmál 65 km<sup>2</sup>.



Mynd 33. Kóralsvæði E til J úti fyrir Suðurlandi og Suðausturlandi. E. Hornafjarðardjúp 1, flatarmál 8 km<sup>2</sup>; F. Hornafjarðardjúp 2, flatarmál 32 km<sup>2</sup>; G. Lónsdýpi, flatarmál 77 km<sup>2</sup>; H. Kantur út af Lónsdýpi og Papagrúnni, flatarmál 78 km<sup>2</sup>; I. Kantur út af Papagrúnni, flatarmál 17 km<sup>2</sup>; J. Rósagarður, flatarmál 164 km<sup>2</sup>.

### 3.2.2.2 8.gr. K. Út af Faxadjúpi



Mynd 34. Kóralsvæði út af Faxadjúpi. Flatarmál svæðis: 228 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsögunni.


### 3.2.3 Níunda grein: Sérstök botnvistkerfi:

Allar veiðar, nema veiðar á uppsjávarfiski með flotvörpu og hringnót, eru óheimilar.

Þessi sérstöku botnvistkerfi hafa verið kortlögð með neðansjávarmyndavélum. Lífríki innan þeirra og verndarþörf var lýst í skýrslu Hafrannsóknastofnunar (HV 2021-50).

#### 3.2.3.1 9. gr. A. Suðvestur af Reykjanesi (Steinahólsþyrpingin)

Verndarmarkmið þessa svæðis er að vernda fágætt og viðkvæmt uppstreymissvæði með hverastrýtum á neðansjávarhitauppstreymissvæði.




Mynd 35. Verndarsvæði Suðvestur af Reykjanesi þar sem hitauppstreymissvæði og hverastrýtur þrífast. Flatarmál svæðis 229 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsögunni.



### 3.2.3.2 9. gr. B. Vestur af Snæfellsnesi (Mardöll og systurfjall)


Verndarmarmið þessa svæðis er að vernda búsvæði sem teljast viðkvæm. Á fjöllum koma saman tegundir sem kjósa kaldan sjó og tegundir sem kjósa mildara hitastig. Fjölbreytileiki svampa er hár og þarna er fundarstaður fágætra kóraltegunda á hafsvæðinu við Ísland.



Mynd 36. Vernarsvæði neðansjárvarfjalla vestur af Snæfellsnesi. Flatarmál svæðis 992 km<sup>2</sup> eða 0,13% af efnahagslögsögunni.

### 3.2.3.3 9. gr. C. Kantur út af Vestfjörðum

Verndarmarkmið þessa svæðis er að vernda viðkvæm búsvæði en innan svæðisins er að finna blöndu af kóral- og svampagarði með mjög ríkulega tegundasamsetningu annarra lífvera. Þar er einnig að finna þyrpingu sæfjaðra.




Mynd 37. Verndarsvæði í kantinum út af Vestfjörðum. Flatarmál svæðis 1.112 km<sup>2</sup> eða 0,15% af efnahagslögsögunni.




### 3.3 Reglugerð nr. 1097/2023 um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Norðvesturlandi.


1.gr. Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr líkum á meðafla djúpkarfa við veiðar á grálúðu á svæði út af Norðvesturlandi.




Mynd 38. Lokað hólfi á norðaustanverðu Hampiðjutorgi. Flatarmál svæðis 747 km<sup>2</sup> eða 0,1% af efnahagslögsögunni.



Mynd 39. Landmótun sýnir að svæðið er í landgrunnshalla úti fyrir Víkurál í Grænlandssundi.



Mynd 40. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar. Sex haustrallstog eru innan hólfsins. Svampar hafa verið skráðir á meirihluta þeirra. Að auki eru skráningar á nokkrum gerðum kóralla innan svæðisins.




Mynd 41. Fótspor veiða með fiskibotnvörpu og línu.


### 3.4 Reglugerð nr. 186/2020 um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars.

1.g. Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar á eftirfarandi veiðisvæðum humars frá og með 16. mars 2022 til og með 15. mars 2024.

A. Lónsdýpi, B. Hornafjarðardýpi, C. Breiðamerkurdýpi.




Mynd 42. Tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars. Frá vinstri til hægri: Breiðamerkurdýpi: 412 km<sup>2</sup>; Hornafjarðardýpi 209 km<sup>2</sup>; Lónsdýpi: 201 km<sup>2</sup>. Samtals flatarmál svæðanna: 822 km<sup>2</sup> eða 0,11% af efnahagslögsögunni.



Mynd 43. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar en innan svæðanna fara fram rannsóknir á stofnstærð humars (bleikar línur).






Mynd 44. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

3.5 Reglugerð nr. 961/2019 um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð  
 1. gr. Reglugerð þessi gildir um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Bann við veiðum með línu allt árið eða stóran hluta árs.

Grein	km <sup>2</sup>	% af EEZ
2.gr.	2834	0,4
3.gr.	735	0,1
4.gr.	269	0,04
5.gr.	217	0,029
6.gr.	1609	0,21
7.gr.	2012	0,27
8.gr.	383	0,05
9.gr.	545	0,07
10.gr.	371	0,05
11.gr.	249	0,03
12.gr.	205	0,03
13.gr.	532	0,07
Samtals	9.429	1,24%




Mynd 45. Reglugerð 960/2019 um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð.

### 3.6 Reglugerð nr. 960/2019 um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu.

1. gr. Reglugerð þessi gildir um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Bann við veiðum með fiskibotnvörpu allt árið eða stóran hluta árs.

Gr.	km <sup>2</sup>	% af EEZ
2.gr.	666	0,09
3.gr.	1205	0,16
4.gr.	11	0,001
5.gr.	474	0,06
7.gr.	735	0,10
8.gr.	269	0,04
9.gr.	217	0,03
10.gr.	1609	0,21
10a.gr.	375	0,05
11.gr.	632	0,08
12.gr.	2597	0,34
13.gr.	411	0,05
14.gr.	124	0,02
15.gr.	37	0,005
16.gr.	359	0,05
17.gr.	227	0,03
Samtals	3.735	0,50%




Mynd 46. Reglugerð 960/2019 um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu.

Reglugerðir 960/2019 og 961/2019 verða teknar saman í umfjölluninni hér á eftir þar sem þær gilda báðar fyrir mörg svæðanna. Markmið reglugerðanna er umferðarstjórnun vegna


mismunandi veiðarfæra og báta. Heildarflatarmál reglugerða 960/2019 og 961/2019, að frádregnum sameiginlegum svæðum, er 10.334 km<sup>2</sup> eða 1.4% af efnahagslögsögunni.

3.6.1.1 *Norður af Horni: 961/2019 2. gr og 960/2019 6. gr.*

Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. mars til og með 17. ágúst. Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. mars til og með 17. ágúst.




Mynd 47. Lokað hólf norður af Horni. Flatarmál svæðis 2.835 km<sup>2</sup> eða 0,29% af efnahagslögsögunni.






Mynd 48. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu. Botnag er unnið frá fjölgeislamælingum Hafró og Olex gögnum.





Mynd 49. Skráningar við eftirlit Fiskistofu, rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar, skráningar á vísitögundum í haustralli.






Mynd 50. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.6.1.2 Á Sporðagrunni: 961/2019 3. gr. og 960/2019 7. gr.

Veiðar með línu eru óheimilar allt árið. Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 51. Lokað hólfi á Sporðagrunni. Flatarmál svæðis: 735 km<sup>2</sup> eða 0,1% af efnahagslögsögunni.






Mynd 52. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu milli jökulsvorfinna dala. Botnag er unnið frá fjölgeislamælingum Hafró og Olex gögnum.




Mynd 53. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar. Sex tog í vorralli ná inn í hólfið, eitt tog í haustralli og þrjú tog við rækjurannsóknir. Svampar eru skráðir innan hólfins frá átaksskráningu á meðafra svampa í vorralli 2002.




Mynd 54. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.3 Norðan Haganesvíkur: 961/2019 4. gr. og 960/2019 8. gr.


Veiðar með línu eru óheimilar allt árið. Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.



Mynd 55. Lokað hólfi norðan Haganesvíkur. Flatarmál svæðis: 269 km<sup>2</sup> eða 0,04% af efnahagslögsögunni.




Mynd 56. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu, innan jökulsvorfinns dals og nær inn á Eyjafjörðráál. Botnalag er unnið frá fjölgeislaþælingum Hafró og Olex gögnum.



Mynd 57. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar. Rækjurallstog ná inn á svæðið og vorrallstog liggur rétt við útlínu þess. Ekki eru gerðar botndýrarrannsóknir í þessum röllum.







Mynd 58. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.4 Á Sléttugrunni: 961/2019 5. gr. og 960/2019 9. gr.


Veiðar með línu eru óheimilar allt árið. Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 59. Lokað hólf á Sléttugrunni. Flatarmál svæðis: 217 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsögunni.



Mynd 60. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu, milli jökulsvorfinna dala. Botnag er unnið frá fjölgeislamælingum Hafró og Olex gögnum.



Mynd 61. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar. Tog í haust- og vorralli ná inn í hólfið.




Mynd 62. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum. Engar veiðar fara fram innan hólfsins en línu og fiskibotnvörpuveiðar fara fram við jaðra þess.




3.6.1.5 Á Digranesflaki: 961/2019 6. gr. og 960/2019 10. gr.


Veiðar með línu eru óheimilar allt árið. Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 63. Lokað hólfi á Digranesflaki. Flatarmál svæðis 1.609 km<sup>2</sup> eða 0,21% af efnahagslögsögunni.



Mynd 64. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu milli tveggja jökulsvorfinna dala. Botnag er unnið frá fjölgeislamælingum Hafró og Olex gögnum.



Mynd 65. Fimm tog í vorralli falla innan svæðisins.




Mynd 66. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.




### 3.6.1.6 Út af Glettinganesi 960/2019 10. gr. a.


Frá og með 1. júlí til 31. desember ár hvert eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Glettinganesi.




Mynd 67. Lokað hólfi út af Glettinganesi. Flatarmál svæðis 357 km<sup>2</sup> eða 0,05% af efnahagslögsögunni.



Mynd 68. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu. Botnag er unnið frá fjölgeislamælingum Hafró og Olex gögnum.



Mynd 69. Rannsóknasnið í haustralli og vorralli ná inn á svæðið. Ein skráning af mjúkum kóral er inni á svæðinu.




Mynd 70. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.7 Í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni 961/2019 7. gr.


Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember.

Svæðið nær yfir stóran hluta af Lónsdjúps, neðrihluta Hornafjarðardjúps, neðri hluta Stokksnesgrunns og niður í kantinn úti fyrir. Innan þessa svæðis eru tvö verndarsvæði til verndar kórals (188/2023, 8. gr. E og G) og tvö önnur kóralsvæði eru mjög nálægt. Kóralar eru í kantinum úti fyrir Stokksnesgrunni sem þarf að skoða sérstaklega.




Mynd 71. Svart skástrikað svæði sýnir lokað hólfi í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni. Flatarmál svæðis: 2012 km<sup>2</sup> eða 0,27% af efnahagslögsögunni. Rauðir flákar eru verndarsvæði kórals innan hólfisins (regl. 188/2023 8. gr. E og G) en einnig eru tvö önnur verndarsvæði






Mynd 72. Landmótun sýnir að svæðið nær yfir tvö djúp og landgrunnið á milli þeirra. Fjölgeisla­mælingar á botni frá Hafrannsóknastofnun og Olex gögnum.



Mynd 73. Skráningar við eftirlit fiskistofu, rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar, vísitögundir (kóral og svampur) og neðansjávarmyndavélasnið frá kortlagningu búsvæða.



Mynd 74. Fótspor veiða með ýmsum veiðarfærum.

Þar sem svæði er ekki lokað fyrir fiskibotnvörpu er álag nokkuð mikið sumstaðar innan svæðisins, einkum við suðurkantinn og kantinn upp Lónsdýpið austan megin. Kórall liggur milli verndarsvæðanna í regl. 188/2023 8. gr. F og H.


### 3.6.1.8 Á Mýragrunni 8. gr. 961/2019

Veiðar með línu eru óheimilar allt árið.




### 3.6.1.9 Á Mýrargrunni 9. gr. 961/2019

Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember.




Mynd 75. Svart skástrikað svæði sýnir lokað hólfa á Mýrargrunni, 8. gr. Flatarmál: 383 km<sup>2</sup>. Grænt skástrikað svæði sýnir lokað hólfa á Mýrargrunni 9. gr. Flatarmál 545 km<sup>2</sup> eða 0,12% af efnahagslögsögunni.





Mynd 76. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu milli jökulsvorfinna dala. Botnlag er frá Olex gögnum. Innan svæðisins hefur ekki verið fjölgeislarmælt.





Mynd 77. Skráning við eftirlit fiskistofu sýnir dauðan kóral og eitt snið í vorralli eru inn í neðra hólfinu.







Mynd 78. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.10 Suður af Ingólfshöfða 10. gr. 961/2019


Veiðar með línu eru óheimilar allt árið.



Mynd 79. Lokað hólf suður af Ingólfshöfða. Flatarmál svæðis 371 km<sup>2</sup> eða 0,05% af efnahagslögsögunni.




Mynd 80. Landmótunargreining (ISOR) sýnir að svæðið er aðallega á landgrunninu milli jökulsvöfninna dala. Botnlag er frá Olex gögnum. Innan svæðisins hefur ekki verið fjölgeislamælt.



Mynd 81. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar þar sem tog í vorralli og við humarrannsóknir ná inn í hólfið. Innan þess eru hrygningasvæði undir reglugerð 958/2019.






Mynd 82. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

Upplýsingar skortir um lífríkið. Svæðið er innan skilgreinds hrygningasvæðis skv. Hafsjá.




### 3.6.1.11 Á Örafagrunni 11. gr. 961/2019


Veiðar með línu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. ágúst til og með 31. desember.





Mynd 83. Lokað hólfi á Örafagrunni. Flatarmál svæðis 249 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsöggunni.




Mynd 84. Landmótun sýnir að svæðið er aðallega á landgrunninu milli jökulsvorfinna dala. Botnlag er frá Olex gögnum



Mynd 85. Rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar, eitt tog í vorralli er innan hólfins og eitt snið með neðansjávarmyndavél við kortlagningu búsvæða, en á því sniði eru kóralar og svampar.






Mynd 86. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.6.1.12 Á Síðugrunni 12. gr. 961/2019

Veiðar með línu eru óheimilar allt árið.




Mynd 87. Lokað hólfi á Síðugrunni. Flatarmál svæðis 205 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsögunni.










Mynd 88. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu milli jökulsvorfinna dala. Botnlag er frá Olex gögnum.



Mynd 89. Nokkur tog í netaralli eru innan hólfisins, umhverfis það eru rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar í vorralli, hausralli og við rannsóknir á humar.








Mynd 90. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

3.6.1.13 Á Kötlugrunni 13. gr. 961/2019

Veiðar með línu eru óheimilar allt árið.




Mynd 91. Lokað hólfi á Kötlugrunni. Flatarmál svæðis 532 km<sup>2</sup> eða 0,07% af efnahagslögsögunni.




Mynd 92. Efri mynd: landmótun sýnir að svæðið liggur á landgrunninu og inn á hluta af Reynisdjúpi. Jökulgarðar liggja í vestur – austur stefnu. Neðri mynd: Fjölgeislamælingar Hafró ná yfir stóran hluta svæðisins. Á þeim sjást hringlaga myndanir fyrir miðju svæði og jökulgarðar.






Mynd 93. Kóralar og svampar eru fyrir miðu svæði og fundust á fimm af sex rannsóknasniðum við kortlagningu búsvæða með neðansjávarmyndavélum.

Sex rannsóknasnið voru tekin innan þessa hólfs við kortlagningu búsvæða 2019 (HV 2021-40). Kóralar sáust á myndefninu ásamt töluvert af svampi sem var einkum á hraunhólunum.









Mynd 94. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.14 Á Mehsack. 960/2019 2. gr.


Heimilt að veiða frá og með 1. febrúar til og með 15. apríl.





Mynd 95. Lokað hólfa á „Mehsack“. Flatarmál 666 km<sup>2</sup> eða 0,09% af efnahagslögsögunni.



Mynd 96. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunnskantinum, innan jökulfarvegs en ofan við landgrunnshalla. Innan hólfins eru mörg jakaför sem liggja meðfram landgrunnsbrúininn




Mynd 97. Rannsóknasnið Hafrannsóknastofnunar og skráning vísitögunda (svampar og kóralar).



Mynd 98. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.6.1.15 Í Jökuldýpi 3. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 99. Lokað hólfi í Jökuldýpi. Flatarmál 1.205 km<sup>2</sup> eða 0,16% af efnahagslögsögunni.







Mynd 100. Landmótun og fjölgeislakort sýna að svæðið liggur á landgrunninu og jökulgarður er innan þess.



Mynd 101. Rannsóknasnið og stöðvar Hafrannsóknastofnunar (svartar línur eru haustrallstöðvar, grænar línur eru vorrallstöðvar). Skráningar á svömpum (rauðir punktar) fylgja greiningum af neðansjávarmyndavélasniðum. Innan svæðisins eru tekin þrjú tog í vorralli.







Mynd 102. Fótspor veiða með fiskibotnvörpu og línu.

### 3.6.1.16 Suðvestur af Malarrifi 4. gr. 960/2019


Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 103. Lokað hólf suðvestur af Malarrifi. Flatarmál 11 km<sup>2</sup> 0,001% af efnahagslögsöggunni.



Mynd 104. Landmótun sýnir að svæðið liggur á landgrunninu.




Mynd 105. Rannsóknatog í vorralli liggur í gegnum hólfíð.



Mynd 106. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.6.1.17 Í Víkurál 5. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 107. Lokað hólfi í Víkurál. Flatarmál: 474 km<sup>2</sup> eða 0,06% af efnahagslögsögunni.






Mynd 108. Skráningar úr eftirliti Fiskistofu, rannsóknastöðvar Hafrannsóknastofnunar, skráningar á vísitögundum (kórallar og svampar) og neðasjávarmyndavélasnið frá kortlagningu búsvæða.



Mynd 109. Landmótun sýnir að svæðið liggur í útkanttinum á Víkuráldjúpinu. Þar er að finna fjölmörg för eftir ísjaka.







Mynd 110. Fótspor fiskveiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.18 Við Hrollaugseyjar 11. gr. 960/2019


Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.



Mynd 111. Lokað hólf við Hrollaugseyjar. Flatarmál 632 km<sup>2</sup> eða 0,08% af efnahagslögsögunni.




Mynd 112. Landmótun sýnir að svæðið er á landgrunninu.



Mynd 113. Rannsóknasnið Hafrannsóknastofnunar og skráning á svampi.







Mynd 114. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.6.1.19 Fyrir Suðurlandi 12. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði er markast að austan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá  $64^{\circ}14,1'N - 14^{\circ}58,4'V$  Stokksnesvita og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá  $63^{\circ}48,0'N - 22^{\circ}41,9'V$  Reykjanesvita.




Mynd 115. Lokað hólfi fyrir Suðurlandi. Flatarmál 2597 km<sup>2</sup> eða 0,34% af efnahagslögsögunni




Mynd 116. Samspil lokaða hólfisins og reglugerða um hrygningarsvæði.






Mynd 117. Landmótu n sýnir að svæðið liggur meðfram strandlengjunni á landgrunninu.




Mynd 118. Rannsóknasnið við grunnslóðarannsóknir liggja meðfram strandlengjunni innan svæðisins.

### Dragnót







Fiskibotnvarpa




Humar




Krókaveiðar



## Lína



## Netaveiðar



Mynd 119. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.


### 3.6.1.20 Umhverfis Vestmannaeyjar 13. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirgreindra eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlnaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.


Þrátt fyrir ofangreint bann er þó heimilt á tímabilinu frá og með 21. febrúar til og með 15. maí að stunda veiðar innan svæðisins með fótrepisvörpu, á svæði vestan línu sem dregin er í réttvísandi norður frá Heimaey, þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman og norðan og vestan línu sem dregin er frá Heimaey um Grasleysu í Þrídranga, þaðan í Einidrang og síðan í réttvísandi suður.

Fótrepisvarpa er varpa sem búin er fótreipi gerðu úr vír eða keðju sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerviefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 sm.







Mynd 120. Lokað hólf umhverfis Vestmannaeyjar. Flatarmál 411 km<sup>2</sup> eða 0,02% af efnahagslögsögunni.




Mynd 121. Landmótun sýnir að gólfíð er að mestu innan eldstöðvakerfis.



Mynd 122. Sellátur, mikilvæg fuglasvæði, friðlýst svæði, svampar og kóralar eru meðal þess sem er innan hólfanna. Tvö tog í vorralli og við rannsóknir á humar ná inn á svæðið auk rannsókna í netaralli.








Mynd 123. Fótspor veiða. Dragnót, línu, handfærum, netum og fiskibotnvörpu er beitt innan svæðisins.

### 3.6.1.21 Norðvestur af Heimaey 14. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 124. Lokað hólf norðvestur af Heimaey. Flatarmál 124 km<sup>2</sup> eða 0,02% af efnahagslögsögunni.



### 3.6.1.22 Á Álsejjarbleyðu 15. gr. 960/2019


Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.



Mynd 125. Lokað hólfi á Álsbreiðu: Flatarmál 371 km<sup>2</sup> eða 0,005% af efnahagslögsögunni.

### 3.6.1.23 Á Eyrabakkabug 16. gr. 960/2019


Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar allt árið.




Mynd 126. Lokað hólfi á Eyrabakkabug. Flatarmál 359 km<sup>2</sup> eða 0,47% af efnahagslögsögunni.

3.6.1.24 Á Tánni 17. gr. 960/2019

Veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október.




Mynd 127. Lokað hólf á Tánni. Flatarmál 227 km<sup>2</sup> eða 0,03% af efnahagslögsögunni.




Mynd 128. Landmótun. Hóflið liggur á landgrunninu rétt við landgrunnshallann og að hálfu inna Grindavíkurdjúps.





Mynd 129. Rannsóknatog í haustralli og vorralli er innan hólfins auk þriggja sniða tekin með neðansjávarmyndavél við kortlagningu búsvæða. Kóral er að finna við kantinn.



Mynd 130. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.




### 3.7 Samantekt yfir svæðið í kringum Vestmannaeyjar


Svæðið í kringum Vestmannaeyjar hefur ýmsar stjórnunarlegar einingar. Samkvæmt fiskveiðilögum kveður reglugerð 960/2019 á um takmarknair á veiðarfærum og reglugerð 732/1997 kveður á um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyjar (132. mynd).

Samkvæmt náttúruverndalögum er svæðið umhverfis Surtsey friðland og samkvæmt 8. gr. eru veiðar með veiðarfærum sem dregin eru eftir botni svo sem botnvörpu, dragnót og plóg óheimilar í friðlandinu (<https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/surtsey/>).

Tvö virk dragnótarsvæði eru á svæðinu og falla innan svæðis í reglugerð 690-/2019 13. gr.






Mynd 131. Samspil takmarkana út frá fiskveiðilögum og náttúruverndarlögum.



Mynd 132. Kort af hólfum fyrir 14. gr., 15. gr. og 16. gr. Mikilvæg fuglasvæði og sellátur eru á svæðinu. Friðlandið Surtsey er rétt sunnan við þessi hólfi. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í netaralli og við grunnslóðarannsóknir fara fram innan hólfs í 16. gr.

Fótspor veiða sem fara fram við þessi hólfi (14, 15 og 16. gr.) er tekið saman í heild.






Mynd 133. Fótspor fiskveiða með mismunandi veiðarfærum innan greina 14., 15., og 16.

### 3.8 Reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja.

1.gr. frá og með 1. janúar 1998 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar á svæði þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggja milli lands og Vestmannaeyja. Að austan markast svæðið af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan. Að vestan takmarkast svæðið af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Sjá einnig umfjöllun um svæðið í lið 5.7.1.20 Umhverfis Vestmannaeyjar.






Mynd 134. Lokað svæði milli lands og Vestmannaeyja. Flatarmál svæðis: 64 km<sup>2</sup> og 0,008% af efnahagslögsögunni.

### 3.9 Reglugerð nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland

1.gr. Fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2.gr. Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Takmarkanir á veiðum með dragnót sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997 (m. v. stærð skipa og tímabil).




Mynd 135. Takmarkanir á veiðum með dragnót. Heildar flatarmál svæðanna er 8.754 km<sup>2</sup> eða 1,2% af efnahagslögsögunni.


### 3.9.1 III. Kafli Svæði lokuð fyrir veiðum með dragnót

#### 3.9.1.1 Faxaflói 5.gr.


- a) Veiðar með dragnót óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli Garðskagavita og Hellnanes.
- b) Þó er skipum sem eru styttri en 24 metrar heimilt að stunda veiðar með dragnót á Faxaflóa á tímabilinu frá og með 1. september til og með 20. desember utan tiltekinnar línu.
- c) Veiðar með dragnót eru heimilar allt árið í Hafursfirði.



Mynd 136. Dragnótasvæði innan Faxaflóa út frá þekju Hafsjár er 4.943 km<sup>2</sup>. Svarta og rauða skástrikaða svæðið eru tekin frá gagnaveitu Hafsjár (Fiskistofa). Blá (a), græn (b) og rauð (c) lína eru teiknaðar upp eftir hnium gefnum upp í reglugerðinni. Þar er sundurliðað hvað má og hvað má ekki innan hvers línu.












Mynd 137. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum við dragnotarsvæðin í Faxaflóa.

### 3.9.1.2 Vestfirðir 6. gr.


Skipum sem eru lengri en 20 metrar er óheimilt er að stunda veiðar með dragnot, á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október, innan línu milli Blakknes, Kóapanesvita, Fjallskagavita og innan línu milli Barða og Sauðanesvita.



Mynd 138. Dragnót ekki leyfð á ákveðnum tíma innan þessara svæða. Flatarmál 754 km<sup>2</sup>.







Mynd 139. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.

### 3.9.1.3 Patreksfjörður og Tálknafjörður 7. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin milli Hvalvíkurness, Tálkna og Ólafsvita. b) Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars, heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita.

### 3.9.1.4 Arnarfjörður 8. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli tveggja punkta. Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. September til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita. (athugasemd höfunda: skv. Reglugerðinni eru hnit þessara ákvæða þau sömu).


### 3.9.1.5 Dýrafjörður 9. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli tveggja hnita. b) Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita.

### 3.9.1.6 Önundafjörður 10. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli tveggja hnita. b) Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita.






Mynd 140. Mismunandi ákvæði um veiðar innan fjarða frá Patreksfirði til Önunðafjarðar.


### 3.9.1.7 Ísafjarðardjúp 11. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum:

- a) Í Ísafjarðardjúpi allt árið innan línu sem dregin milli Æðeyjar og Ögurhólma. b) Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita. c) Á Hesteyrarfirði allt árið innan línu sem dregin er minni tveggja hnita. d) Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli tveggja hnita. e) Á Veiðuleysufirði allt árið innan línu sem dregin er milli tveggja hnita. f) Á Jökulfjörðum allt árið innan línu sem dregin er milli Kvía og Höfðabótar.



Mynd 141. Dragnót er ekki leyfð á ákveðnum tíma innan þessara svæða í Ísafjarðardjúpi. Flatarmál þeirra er 334 km<sup>2</sup>. Mismunandi ákvæði (a-f) eru um veiðar innan fjarðanna.



Mynd 142. Fótspor veiða með mismunandi veiðarfærum.



### 3.9.1.8 Ólafsfjörður 12. gr.


Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli tveggja hnita.

### 3.9.1.9 Eyjafjörður 13. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er réttvísandi vestur/austur um Hríseyjarvita milli tveggja hnita.

### 3.9.1.10 Skjálfandaflói 14. gr.

Á tímabilinu frá og með 15. mars til og með 31. ágúst eru veiðar með dragnót óheimilar innan línu sem dregin er milli tveggja hnita.



Mynd 143. Dragnót er ekki leyfð innan Ólafsfjarðar og Eyjafjarðar, en óheimilar tímabundið innan Skjálfandaflóa. Flatarmál þessara svæða eru 9, 236 og 298 km<sup>2</sup>.

### 3.9.1.11 Austfirðir 15. gr.

Bátum sem eru lengri er 24 metrar eru óheimilar veiðar með dragnót allt árið innan línu sem dregin er milli Landsenda (í norðanverðum Loðmundarfirði), Dalatanga, Norðfjarðarhorn, Kambanesvita, Hlaða og Knarrarsundsfls (austan Djúpavogs).

### 3.9.1.12 Þistilfjörður 16. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum: a) Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 14. júní innan línu sem dregin er milli Grenjaness og Rauðaness. b) Á tímabilinu frá og með 15. júní og með 30. júní innan línu milli Melrakkaness og Svínalækjartanga. c) Á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst milli Grenjaness og Laxártanga.




### 3.9.1.13 Bakkaflóa 17. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli Skarfatanga og Digraness. b) Á tímabilinu frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli Fossáróss, Saurbæjartanga og Skarfatanga.

### 3.9.1.14 Vopnafjörður 18. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli Tangasporðs og Drangsness. b) Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli Fulganness og Svartsness.



Mynd 144. Mismunandi ákvæði um veiðar í Pistilfirði, Bakkaflóa og Vopnafirði.

### 3.9.1.15 Borgarfjörður Eystri 19. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli Landsenda og Hafnartanga.

### 3.9.1.16 Loðmundarfjörður – Seyðisfjörður 20. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli hnits, Borgaress og Skálaness.

### 3.9.1.17 Mjólfjörður 21. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli Hofs og Kross.

### 3.9.1.18 Eskifjörður 22. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli Mjóeyrar og Skeleyrar.

### 3.9.1.19 Reyðarfjörður 23. gr.

a) Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli Ljósár og Handarhald sunnan fjarðarins. b) Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu em dregin er réttvísandi norður frá Vattarnesvita.

### 3.9.1.20 Fáskrúðsfjörður 24. gr.


Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu milli Víkurskers og Kumlaskers.

### 3.9.1.21 Stöðvarfjörður 25. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 15. júní innan línu sem dregin er milli Landatanga og Kambaness.

### 3.9.1.22 Berufjörður 26. gr.

Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 21. maí innan línu milli Svartaskers og Karlsstaðatanga.



Mynd 145. Mismunandi ákvæði um veiðar innan fjarða á Austfjörðum.


### 3.9.1.23 Suðurland 27. gr.

Allar veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan þriggja mílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi suður frá 64°14,1'N - 14°58,4'V Stokksnesvita og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi suður frá 63°48,0'N - 22°41,9'V Reykjanesvita. Þrátt fyrir þetta eru veiðar með dragnót heimilar

á eftirfarandi svæðum og tímum: a) frá og með 1. mars til og með 31. Október og b) allt árið milli tveggja hnita. Flákar yfir þessi svæði eru ekki tiltækir og því ekki teiknað upp.

#### 3.9.1.24 Vestmannaeyjar 28. gr.

Allar veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið umhverfis Vestmannaeyjar innan línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki eftirfarandi eyja og skerja: Elliðaeyjar, Bjarnareyjar, Heimaeyjar, Suðureyjar, Helliseyjar, Súlaskers, Geirfuglaskers, Geldungs, Álseyjar, Grasleysu, Þrídranga og Einidrangs. Að norðan markast svæðið af línu sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, sbr. reglugerð nr. 732/1997 um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja (ekki teiknað upp). Þrátt fyrir þetta eru veiðar með dragnót heimilar á eftirfarandi svæði og tíma: a) frá og með 21. febrúar til og með 15. maí og b) frá og með 16. maí til og með 31. júlí (147. mynd).



Mynd 146. Mismunandi ákvæði um veiðar við Vestmannaeyjar.

### 3.10 Reglugerð 958/2019 um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma

3.10.1 II. Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar þorsks (105. mynd).


#### 3.10.1.1 Austursvæði (Stokksnes að 19°V) 958/2019 2. gr.

(1) Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, frá Stokknesi að 19°V.

Ennfremur:



(2) Við Hrollaugseyjar, (3) Við Ingólfshöfða, (4) Á Meðallandsbugt, (5) Frá og með 17. apríl til kl. 10.00, 28. apríl markast ytri mörk svæðisins að austan af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita.




Mynd 147. Lokuð hólf vegna hrygninga þorsks. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 11.205 km<sup>2</sup> eða 1,5% af efnahagslögsögunni.

### 3.10.1.2 Vestursvæði (10°V að Skor) 958/2019 3. gr.

(1) Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00'V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá 65°24,90'N - 23°57,14'V Skorarvita.

(2) Frá og með 12. apríl til kl. 10.00, 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirfarandi hnita.



Mynd 148. Lokuð hólf vegna hrygninga þorsks. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 42.427 km<sup>2</sup> eða 6% af efnahagslögsögunni.

### 3.10.1.3 Önnur friðunarsvæði vegna hrygningar þorsks 958/2019 4. gr.


Frá og með 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar

A. Á Ísafjarðadjúpi innan línu sem dregin er frá 66°09,79'N - 23°34,27'V Galtarvita í 66°25,83'N - 23°08,07'V Straumnesvita.

B. Fyrir Norður- og Austurlandi. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er frá 66°24,64'N - 22°22,75'V Hornbjargsvita í 66°27,64'N - 22°22,75'V þaðan í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að línu sem dregin er frá 64°14,39'N - 14°50,97'V í 64°14,39'N - 14°57,84'V Stokksnes.

C. Við Grímsey innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

D. Á Húnafirði innan línu sem dregin er frá 65°41,23'N - 20°40,41'V Nestá að 66°01,30'N - 20°25,98'V Kálfshamarsvita.



Mynd 149. Lokuð hólf vegna hrygninga þorsks. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 9.479 km<sup>2</sup> eða 1,3% af efnahagslögsögunni.


Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á sæbjúga, grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóngi og kúfiski heimilar þeim sem hafa aflamark eða tilskilin leyfi til þeirra veiða innan svæðisins.

### 3.10.2 III Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar skarkola

5.gr. Auk svæðalokana í 1.-3. gr. eru á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 30. apríl allar veiðar með botnvörpu, dragnót og netum óheimilar á eftirgreindum svæðum:

A. Á Selvogsbanka, B. Á Hafnarleir, C. Á Breiðafirði






Mynd 150. Lokuð hólf vegna hrygninga þorsks. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 1.842 km<sup>2</sup> eða 0,2% af efnahagslögsögunni.

### 3.10.3 IV. Kafli. Svæðalokanir vegna hrygningar blálöngu

7. gr. Frá og með 15. febrúar til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar.


A. Suður af Vestmannaeyjum. B. Á Franshól



Mynd 151. Lokuð hólf vegna hrygningar blálöngu. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 438 km<sup>2</sup> eða 0,06% af efnahagslögsögunni.

### 3.10.4 V. Kafli. Svæðalokun vegna hrygningar steinbíts


8.gr. Frá og með 15. september til og með 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á Látragrunni.



Mynd 152. Lokuð hólfi vegna hrygninga þorsks. Svæðin eru öll lokuð tímabundið. Heildarflatarmál svæðanna er 996 km<sup>2</sup> eða 0,13% af efnahagslögsögunni.

### 3.11 Reglugerð 733/2018 um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði.

1.gr. frá og með 27. júlí 2018 eru allar veiðar á sæbjúgum bannaðar ótímabundið í Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) 65°26,85' N - 23°38,45' V um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall 65°00,00' N - 23°12,00' V.



Mynd 153. Lokað innan línu í Breiðafirði.

### 3.12 Reglugerð 456/2017 um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli

1.gr. Háfur, hámeri og beinhákarl eru friðaðar tegundir í fiskveiðilandhelgi Íslands. Allar beinar veiðar á háfi, hámeri eða beinhákarli í fiskveiðilandhelgi Íslands eru þar með óheimilar.

Þar sem ekki eru hnitset mörk svæða þar sem veiðar á þessum tegundum eru bannaðar er ekki hægt að meta þessa reglugerð fyrir OECM.

### 3.13 Reglugerð nr. 115/2006 um þorskfisknet.

1. gr. Heimilt er að stunda veiðar í þorskfisknet með þeim takmörkunum sem ákveðnar eru í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Á Breiðafirði eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) 65°26,85' N - 23°38,45' V um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall 65°00,00' N - 23°12,00' V.

Athugasemd: þessi lína á líka við um reglugerð 733/2018 bann við veiðum á sæbjúga.

### 3.14 Reglugerð nr. 543/2002 um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.

Markmið reglugerðarinnar er verndun smáfisks og verndun hafsins.

Skilyrði er varðar veiðibúnað og stærð möskva við veiðar með vörpu á botnfiski, rækju og humri. Bann við að henda veiðarfærum í sjó.


## 4 Kemur reglugerðasvæði til greina sem svæði fyrir aðra virka svæðisvernd?

Reglugerðir, eða undirgreinar þeirra, sem gætu komið til greina fyrir aðra virka svæðisvernd fela í sér bann eða takmarkanir vegna tiltekinna veiðarfæra er gilda allt árið eru líklegar til að falla að markmiðunum eru listaðar upp í töflu 3. Reglugerðir sem hafa lokagildistíma, þ.e. hafa verið settar á í tiltekinn tíma en með markmið sem gætu haft jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, gætu komið til greina ef þeim er breytt þannig að ekki væri um slíkan lokagildistíma væri að ræða. Markmið CBD voru metin fyrir hvert þessara svæða (tafla 4). Ef engar rannsóknir hafa farið fram innan svæðis var álag innan svæðisins metið. Ef þar er álag og lífríkið óþekkt eru slík svæði ekki talin líkleg til að falla að markmiðum um aðra virka svæðisvernd. Ef svæði eru hins vegar undir litlu eða engu þekktu álagi gætu þau verið líkleg náttúruleg svæði. Þannig svæði væri vert að skoða í þessu samhengi, einkum með það í huga að almennt er veiðiálag nokkurt á landgrunninu, nema innan lokaðra hólfa eða þar sem landslag hindrar veiðar. Því gætu slík svæði verið mikilvæg við viðhald náttúrlegs lífríkis. Hins vegar þarf frekari rannsóknir til að sýna fram á hvað er að finna innan þeirra.



Tafla 3 Reglugerðir settar samkvæmt lögum nr. 79/1997 sem fela í sér bann eða takmarkanir vegna tiltekinnar veiðarfæra þar sem takmarkanir gilda allt árið. Bann getur gilt varðandi notkun á hrognkelsanetum, fiskibotnvörpu, línu, handfærum eða öllum veiðarfærum.

Reglugerð	Sérstakar greinar	Stærð km <sup>2</sup>	Hlutfall af EEZ	Athugasemd
<b>223/2024</b> Svæðalokun með hrognkelsanetum		2.921	0,39	Þarf að endurnýja árlega
<b>188/2023</b> Verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa	7. gr. A-C, 8. gr. A-K, 9. gr. A-C	12.431	1,6	
<b>1097/2023</b> Út af Norðvesturlandi		757	0,1	
<b>961/2019</b> um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð	Heilsárs lokun: greinar 3., 4., 5., 6., 8., 10., 12., 13	4.321	0,6	Greinar 3-6 eru sömu svæði og greinar 7-10 í reglugerð 960/2019
<b>960/2019</b> Takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu	Heilsárs lokun: greinar 4., 7., 8., 9., 10., 11., 12., 14., 15., 16.	6.590	0,9	
<b>732/1997</b>		64	0,008	Bann við öllum veiðarfærum
